

1009. Stjórnarfundur VR - aukafundur

Haldinn miðvikudaginn 5. nóvember 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlýsing Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR, vegna Kaupþings banka

Gunnar Páll hóf fundinn með því að skýra að tilefni þessa aukafundar væri það að hann vildi leggja fram yfirlýsingu sína vegna Kaupþings banka og fara yfir sín sjónarmið og bjóða stjórnarmönnum að spyrja og segja sitt álit. Einnig að hann vildi kanna það hvaða stuðning hann hefði hjá stjórn VR og í baklandinu.

Gunnar Páll tók fram að yfirlýsing hans yrði birt á heimasíðu VR seinna í kvöld og að hún væri send á Morgunblaðið og RÚV.

Gunnar Páll las næst yfirlýsinguna í heild sinni.

Eftir að hafa lesið yfirlýsinguna skýrði Gunnar Páll frá því að hann hafi litið svo á að stjórn Kaupþings hafi staðið frammi fyrir mjög erfiðri ákvörðun þar sem aðeins voru tveir kostir og hvorugur þeirra hafi verið góður. Nafnalisti sem birtist með grein í Morgunblaðinu í gær hafi verið mjög villandi þar sem þar voru margir einstaklingar sem ekki höfðu fengið niðurfelldar persónulegar ábyrgðir og hefði hann sent ritstjóra mótmæli en ekki hefði svar borist.

Gunnar Páll sagði frá því að hann hefði ákveðið að gefa kost á sér í viðtal í Kastljós hjá sjónvarpinu enda teldi hann sig ekki hafa neitt að fela. Spurði hann því næst hvort hann hefði stuðning stjórnarinnar og var það samþykkt og með því vék Gunnar Páll af fundi kl. 19:03 og var fundi frestað á meðan en fundur hófst svo að nýju kl. 20:07 þegar Gunnar Páll kom aftur.

Fundarmenn voru einróma um það að Gunnar Páll hefði staðið sig vel í sjónvarpsviðtalinu í Kastljósi.

Gunnar Páll sagði að við myndum þá halda fund með trúnaðarráði 11. nóvember eins og fyrirhugað var og svo reglulegan stjórnarfund samkvæmt áætlun 12. nóvember. Bað hann um svigrúm til að sjá hvernig málin myndu þróast eitthvað fram yfir áramót í nokkra mánuði og þá tækjum við mat á stöðunni nema einhver ófyrirséð alda myndi rísa í þjóðfélaginu.

Gunnar Páll þakkaði stjórn VR fyrir stuðning við sig og hlý orð sem hefðu fallið í sinn garð. Hófust nú almennar umræður um málið.

Að lokum fór Gunnar Páll nokkrum orðum um mögulegan skaða sem Lífeyrissjóðurinn hefði orðið fyrir í efnahagsþrengingunum og sagði að svo virtist sem ávöxtun myndi fara niður um 22%. Deila mætti með 2 vegna áhrifa á heildarskuldbindingar sjóðsins og þá væri tapið vonandi aðeins um 10% og vonaðist hann til að þá þyrfti ekki að skerða réttindi mikið. Umræður urðu um þetta mál.